



Anna G. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir börn með fíkni- og geðrænan vanda mæta fordómum, svo og foreldrar þeirra sem eiga erfitt með að ræða um vandann. Mynd/Hári

*Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir aðgerða þörf í málefnum ungmenna með fíkni- og geðrænan vanda. Hún fagnar átaki lögreglunnar í að hafa uppi á ungmennum sem jafnvel tynast í fíkniefnagrenjum.*

„Því miður eru alltof mörg dæmi um að ungt fólk undir 25 ára aldri hreinlega deyi úr tvíþættum vanda. Þetta eru jafnvel ungar mæður líttilla barna undir fimm ára aldri sem fremja sjálfsvíg af vanlíðan, taka of stóran skammt eða fara sér að voða með öðrum hætti,“ segir Anna G. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Anna var frummælandi á málþingi sem Geðhjálpar hélt í dag, fimmtudag, í samstarfi við Olnbogabörn, aðstandendur ungmenna með áhættu hegðun, undir yfirskriftinni „Hvað svo...?“ þar sem farið var yfir aðgerðir í framhaldi af fjölsóttu málþingi félaganna tveggja um sama vanda síðasta haust. Þar var meðal annars lögð fram sú tillaga að Barnaverndarstofa og BUGL leiði saman hesta sína í sameiginlegu úrræði fyrir börn og ungmenni með tvíþættan vanda. „Þetta snýst um að greina þau snemma og veita þeim þjónustu við hæfi svo að þau fái að upplifa hamingjuríka æsku og unglingsár og verða virkir þátttakendur í samfélaginu,“ segir hún.

Anna segir að eftir málþingið í haust hafi fernt blasað við þegar kemur að þessum viðkvæma hópi. „Í fyrsta lagi skortir heildstætt og stigskipt úrræði fyrir börn og ungmenni með geðrænan og vímuefna vanda undir og yfir 18 ára aldri. Í öðru lagi þarf að leita leiða til að byggja upp vímuefnaúrræði við hæfi barna og ungmenna undir 18 ára aldri til þess að þessi hópur rati ekki í meðferð með fullorðnum. Í þriðja lagi þarf að tryggja samvinnu milli einstakra stofnana, og síðast en ekki síst þarf að bæta þjónustu og upplýsingamiðlun til foreldra,“ segir hún. „Við höfum rekið okkur á að þessi hópur hefur mætt fordómum, bæði börnin og foreldrar þeirra, og ekki fengið viðhlítandi þjónustu. Þessi vandi hefur hreinlega verið tabú,“ segir hún. „Foreldrar nefna ekki á kaffistofunni í vinnunni að þeim hafi ekki komið dúr á auga um nóttina af því að unglingurinn þeirra hafi verið í „maníu“ þótt sjálfsagt sé að ræða aðra sjúkdóma.“

Eitt af því sem Anna gagnrýnir er að ungmenni séu send á Vog og á fíknigeðdeild Landspítalans þar sem þau eru með fullorðnum einstaklingum. Hins vegar hafi ýmislegt gott verið gert í málum þeirra og til að mynda fagnar hún átaki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að koma í veg fyrir að óæskilegir einstaklingar hýsi börn og ungmenni undir lögaldri. „Stundum rata þessir krakkar í þessi svokölluðu greni. Við fögnum því að lögreglan leggi áherslu á að sækja þau þangað og hvetjum aðrar stofnanir samfélagsins til að fara að dæmi hennar og gera enn betur í þjónustu við þennan viðkvæma hóp.“

<http://www.frettatiminn.is/ungar-maedur-sem-deyja/>